




Varðar: Básendi 12, (fsp) stækkun lóðar

Skoðuð er fyrirspurn Sveins Þorsteinssonar, dags. 12. júlí 2023, er varðar annars vegar heimild til að nýta bílskúr sem vinnustofu og hins vegar hvort heimild fái til að breyta bílskúr í íbúð á lóð nr. 12 við Básenda.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2040



Afstöðumynd

Skipulagsleg staða:

Lóðin er á íbúðarsvæði (ÍB36) samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040. Ekki er í gildi deiliskipulag fyrir reitinn.

Umsögn:

Hægt er að fá samþykka byggingarleyfisumsókn um að breyta bílskúr í vinnustofu að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar. Byggingarleyfisumsókn þyrfti að grenndarkynna.

Leyfi til að breyta bílskúr í íbúð er hins vegar háð heimildum í hverfisskipulagi. Með tilkomu hverfisskipulags hefur verið litið jákvætt til þess að fjölga íbúðum í grónum hverfum, þó með ákveðnum skilyrðum sem er að finna í leiðbeiningum hverfisskipulags á slóðinni: https://skipulag.reykjavik.is/hverfisskipulag/wp-content/uploads/2022/05/LB_FJO%CC%88LGUN-I%CC%81BU%CC%81DA-30-9-2019.pdf

Vinnu við hverfisskipulag fyrir Háaleitis- og Bústaðahverfi er hins vegar ekki lokið. Því er ekki hægt að segja til um það á þessari stundu hvort heimilt verði að gera íbúð í bílskúr á umræddri lóð.

Niðurstaða:

Hægt er að sækja um byggingarleyfi fyrir að breyta bílskúr í vinnustofu. Byggingarleyfisumsókn þyrfti að grenndarkynna.

F.h. skipulagsfulltrúans í Reykjavík

Sigríður Maack, arkitekt og verkefnisstjóri.